

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Veturinn 2009-2010.

Fundargerð

Fundur haldinn 4.janúar 2010 kl.20.00 á heimili Guðrúnar formanns félagsins.

Mættir voru: Úr foreldrafélaginu: Guðrún, Bryndís Björk, Jóna, Elma, Berglind og Bryndís Björk. Auk þess var Helgi skólastjóri á fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Ekki gert þar sem hún barst ekki frá ritara. Vantar allar fundargerðir á heimasíðuna, þarf að bæta úr hið fyrsta.

2. Vefur Sjálandsskóla – hvað þarf að laga.

Foreldraráð er enn inni á heimasíðunni þarf að taka út og uppfæra bekkjarfulltrúa. Guðrún biður Bryndísi að vera bekkjarfulltrúa í 1.bekk en hún segir að það sé varamaður sem Bryndís og Guðrún fara í að skoða.

3. Félagsgjöld foreldrafélagsins

Rætt um að félagsgjöld séu kr. 1500 á fjölskyldu. Guðrún sendir út email á foreldra.

4. Skráning félagsins – kennitala / Gjaldkeri

Umsókn tilbúin fyrir kennitölu fyrir félagið. Stjórn skrifar undir löggin. Ræðum hvað eigi að gera við afgangs peninga sem hver bekkur á, bekkjarsjóður. Samþykkt að sá peningur eigi helst ekki að flytjast á milli ára. Hvetja bekkjarfulltrúa til að eyða á árinu td fara á kaffihús eða annað skemmtilegt.

Bryndís Björk tekur að sér gjaldkerastöðu foreldrafélagsins.

5. Velferðarsjóður. Helgi segir frá því að þetta sé sjóður sem sé hugsaður til þess að

styðja við bakið á þeim nemendum sem einhverra hluta vegna þurfi á fjárstyrk að halda til að taka þátt í uppákomum, ferðum eða öðru á vegum skólans, Einnig mætti hugsa þetta til að greiða fyrir mat fyrir nemendur sem ekki hafa tök á því að kaupa sér mat. Foreldrafélagið þarf að búa til reglur um umsóknir og verklagsreglur fyrir námsráðgjafann. Leitað verður til námsráðgjafa um að hún hafi það hlutverk að taka á móti umsóknum um úthlutun úr sjóðnum sem síðan stjórn foreldrafél ákveðjur.

Námsráðgjafi hefur þá stöðu að vera alger trúnaðarmaður nemenda og er því kjörinn

aðili að mati fundarins til að taka að sér að taka á móti slíkum umsóknum. Rætt verður um að þetta verði vel kynnt fyrir starfsmönnum skólans, kennurum og foreldrum. Foreldrafél kynni þennan sjóð fyrir foreldrum þegar reglur um sjóðinn verða tilbúnar. Rætt um að fá námsráðgjafa á næsta fund.

6. Styrkir frá foreldrafélaginu – ferðalög nemenda; Reykir/skíði

Guðrún segir foreldrafél muni stefna að því að styðja við þessar tvær uppákomur. Helgi segir þetta vera þær ferðir sem mestu máli skiptir að fá aðkomu félagsins að. Nemendur í 7.bekk fara í byrjun mars á Reyki. Laun starfsmanna, dvalarkostnaður og rúta er sá kostnaður sem þetta kallar á. Kostnað við rútu eiga heimili ekki að bera en nemendur mega safna fyrir. Mat og upphald mega heimili borga. Fyrir hvern nemenda kostar matur og uppihald kr. 14.000. Nemendur stefna að því að safna fyrir því. Varðandi skíðaferðina má skólinn ekki rukka foreldra fyrir því. Mikilvægt að foreldrafélagið styrki skíðaferðina sem er fjölskylduvæn ferð td með greiðslu á rúttunni. Stefnt að því að styrkja Reykjarferðina. Samþykkt að nú sé mikilvægt að foreldrafélagið kynni það fyrir foreldrum að nú sé tilgangur foreldrafélagsins með fjáröflun að styðja við uppákomur og ferðir skólans vegna breytinga á fjárhag skólans og bæjaryfirvalda.

7. Umferð og öryggisatriði við skólann. Helgi segir að ‘harmonikkunni‘ hafa verið stolið. Ástandið fyrir utan skólann hafa batnað mikið þessa 3 morgna sem hún var. Reynt verður að fá aðra harmonikku. Ákveðið að reyna að sleppa við að vera þarna og stjórna umferðinni, frekar verður reynt að prenta nokkra miða og dreyfa, senda tölvupóst og minna á þetta.

Rætt um öryggismál í kringum skólann. Bryndís Björk spyr Helga hvort hafi verið gerð úttekt á öryggismálum við skólalóðina. Helgi segir að þetta hafi bara farið sína leið í gegnum skipulagsfulltrúa bæjarins. Rætt um hættu fyrir aftan skólann sem tilheyrir ekki skólalóðinni, á Löngulínu og göngustíg. Rætt um hraðakstur á Löngulínu og hvað foreldrafél geti gert til að minna bæjaryfirvöld á þeirri hættu sem þarna getur skapast. Einnig rætt um áhyggjur félagsins af gönguleiðum í kringum skólann sem virka eins og gangbrautir eða gönguleiðir en eru það ekki.

Fulltrúi skólaráði taki upp þetta mál á fundi skólaráðs.

8. Afmæli og upplýsingar til foreldra. Reglurnar eru að það má bjóða öllum stelpum, öllum strákam, öllum í umsjónarhóp eða öllum í árgang. Ef ekki á að bjóða öllum

umsjónarhópnum verður samt að passa að þú sért undir helming hópsins. Það er að segja ekki má bjóða fleirum en helming hópsins.

9. Heimili og skóli. Gerast meðlimir og nýta upplýsingar. Guðrún hélt að Garðabær hefði greitt fyrir alla skóla en það misskilningur. Guðrún spyr hvort skólinn sé eitthvað að gera með þetta þe upplýsingar, fræðslu og kannanir. Eigum við eitthvað að gera með þessar upplýsingar eða nýta okkur þessar fræðslu. Allt sem viðkemur tölvumálum fer í gegnum Kristínu Steinars, kennsluráðgjafi í tölvu og upplýsingatækni í skólanum. Guðrún hefur samband Kristínu og athugar hvort hún sé meðvituð um hvað er í gangi hjá td SAFT. Foreldrafél samþykkir að gerast meðlimur í Heimili og Skóla. Kostnaður talinn vera lítill.
10. Fræðslufundur (SAFT). Er þetta eh sem foreldrafél getur eða vill gera. Svæðisráð er með fræðslufund fyrir alla íbúa bæjarins. Ákveðið að foreldrafélagið taki þátt í þessum sameiginlega fundi, ekki verður sérstakur fræðslufundur á vegum félagsins.
11. Svæðisráð – könnun um líðan kom illa út á miðstigi. Svæðisráð eru 2 fulltrúar úr hverjum skóla bæjarins til að ræða um hvað eiga foreldrar að þrýsta á, teknar fyrir kannanir og fleira. Könnun um líðan nemenda á miðstigi, sérstaklega strákar sýndi að strákum leið verr í Garðabæ en annarsstaðar. Rætt um orsakir og hvernig skuli bregðast við. Bryndís Björk stingur uppá að Guðrún sendi okkur eintak af könnunninni þannig að við getum haft hana fyrir framan okkur á næsta fundi og skoðað niðurstöðurnar í heild. Helgi segir niðurstöðurnar þurfi að skoða í heild hvað var í gangi í skólanum á þessum tíma. Guðrún mun bera það upp við Svæðisráð að taka höndum saman með Stjórnunni og fá t.d. Láka eða annan aðila frá Stjórnunni með Svæðisráðinu til að skoða hvað sé hægt að gera í ljósi könnunarinnar og ræða hvernig aðilunum frá Íþróttahreyfingunni koma niðurstöðurnar fyrir sjónir. Einnig að vinna í að uppræta slæma hegðun og ljótan munnsöfnuð sem virðist fylgja, sérstaklega boltaíþróttunum.

12. Önnur mál

- a. Páskabingó ákveðið fimmtudaginn 25 mars 2010
- b. Innilega í byrjun júní
- c. Helgi greinir frá því að skólanum hafi borist styrk úr Þróunarsjóði Grunnskóla til að ganga frá og þróa þemu á unglíngastigi. Sjálandsskóli er eini skólinn á landinu sem hefur föst þemu upp allt unglíngastigið.

- d. Helgi greinir frá foreldrakönnuninni. Svarhlutttfall lægra en nokkru sinni áður. Ekki farið að vinna úr niðurstöðum.
- e. Fram kemur að gerður hafa verið foreldrasamningur hjá 9.bekk.

Helgi segir að fram hafi komið á kennarafundi að mikilvægt sé að hafa fasta viðburðarskrá fyrir hvern árgang. Tveir viðburðir eru ca.á ári og á það að vera niðurneglt strax á hausti hvaða viðburðir verða á og nokkuð nákvæmt hvenær.

Rætt um að gott væri að hafa möppu fyrir hvern árgang þar sem eru hugmyndir og tillögur um viðburði. Einnig væri þar gott að setja inn hvernig til tókst með viðkomandi viðburði. Einnig kom fram að ef vantar hugmyndir eru fullt af þeim inná heimasíðu Heimilis og Skóla.

Fulltrúarráðsfundur þarf að vera hið fyrsta, Guðrún setur upp dagskrá fyrir þann fund, nokkur mál sem þarf að ræða.Ákveðið að þar þurfi sérstaklega að ræða afmælisboðamálin. Helgi segir að góð regla sé að það séu aldrei fleiri en 20 börn í afmæli. Fram kemur hjá Helga að ef um stóra árganga sé að ræða þá mega skoða að halda þetta í salnum í skólanum. Íþróttahúsið sé nú komið undir íþrótt og tómsundaráð. Sennilega hægt að leigja íþróttahúsið af bænum fyrir svona uppákomur.

Næsti fundur foreldrafélagsins ákveðinn sem sameiginlegur með bekkjarfulltrúum
mánudaginn 11.jan kl.17.30

Fundi slitið kl.22.30